



1. Álagning gjalda 2023.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2023.

- a. Álagt útsvar verði 14,52% vegna launa ársins 2023.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi á árinu 2023:
 - i. 0,2306% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - ii. 1,3200% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan er lögbundin og er óbreytt á milli ára).
 - iii. 1,3718% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- c. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 19.256 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) (óbreytt fjárhæð á milli ára). Sorpeyðingargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 16.422 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) (óbreytt fjárhæð á milli ára).

Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (óbreytt á milli ára) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (óbreytt á milli ára) og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.

- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2023 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2023.

- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2023, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár 2023.

Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Akraness hækka þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar sem byggir m.a. á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og greiningargögnum viðskiptabankanna. Heimilt er með sérstækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu hækkun.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki um 7% þann 1. janúar 2023 nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðkomandi gjaldskrá.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2023:

1. Gjaldskrá leikskóla, óbreytt á milli ára.
2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
3. Gjaldskrá frístundar, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
4. Gjaldskrá dagstarfs, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
5. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
6. Gjaldskrá íþróttamannvirkja, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
7. Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar, óbreytt á milli ára.

8. Gjaldskrá Bókasafns Akraness, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
9. Gjaldskrá Héraðsskjalasafns Akraness, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
10. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
11. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
12. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
13. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
14. Gjaldskrá Akranesvita, hækkun sem nemur 7% á milli ára.
15. Gjaldskrá Tjaldsvæðisins á Akranesi, sértæk ákvörðun í samvinnu við þjónustuveitanda.
16. Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Akranesi, óbreytt á milli ára.

3. Stjórnmalasamtök á Akranesi 2023.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 2,0 m.kr. til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi.

Akranesi, 1. desember 2022

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



The stamp is an oval shape with a blue border. Inside the oval, the text "BÆJARSTJÓRINN" is written in a semi-circle at the top, and "AKRANES" is written in a semi-circle at the bottom. In the center of the oval is the coat of arms of Akranes. A handwritten signature in blue ink is written across the stamp, overlapping the text and the coat of arms.

Sævar Freyr Þránísson

bæjarstjóri